



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Starfsemi Atvinnu- og virknimiðlunar Reykjavíkurborgar

Forsaga:

Tillaga um að setja á fót Atvinnu- og virknimiðlun var fyrst samþykkt í borgarráði þann 28. janúar 2021, sem hluti af vinnumarkaðsaðgerðum Reykjavíkurborgar vegna Covid-19 faraldursins. Starfsemi atvinnu- og virknimiðlunar var síðan kynnt fyrir velferðarráði þann 1. september 2021. Samþykkt var í borgarráði 31. mars 2022 að halda áfram með starfsemi Atvinnu- og virknimiðlunar (AVM) sem þróunarverkefni til tveggja ára frá 1. maí 2022 með áherslu á að aðstoða einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu, sér í lagi flóttafólk og ungt fólk, aftur úr á vinnumarkaðinn.

Samkvæmt tillögunni var farið í markvissar vinnu- og virkniaðgerðir fyrir fólk sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu. Gert var ráð fyrir að starfsþjálfunarsamningar sem námu upphæð fjárhagsaðstoðar yrðu með 75% af störfunum. Gert var ráð fyrir fjórum stöðugildum virkniráðgjafa á tímabilinu.

Atvinnu- og virknimiðlun hefur tilheyrð Virkni húsi á velferðarsviði á umræddu tímabili. Í meðfylgjandi skýrslu er gerð grein fyrir starfsemi atvinnu- og virknimiðlunar á fyrra ári tilraunaverkefnisins frá 1. maí 2022 - 30. apríl 2023. Lokaskýrsla um vinnumarkaðsaðgerðir í kjölfar Covid-19 var lögð fyrir borgarráð í janúar 2023.

Greinargerð:

Af þeim 267 einstaklingum sem nutu þjónustu Atvinnu- og virknimiðlunar var í lok tímabilsins 141 einstaklingur sem ekki fékk lengur fjárhagsaðstoð til framfærslu eða um 53% hópsins. Af þeim 54 sem fengu vinnu voru 43 enn í vinnu í lok tímabilsins eða tæp 80%. Þeir einstaklingar sem fengu vinnu með aðstoð Atvinnu- og virknimiðlunar höfðu verið mislengi með fjárhagsaðstoð til framfærslu eða allt frá tveimur mánuðum upp í 160 mánuði (13 ár og þrjá mánuði). Samanlagður kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar þeirra frá janúar 2003 – júní 2023 var 308.770.797 kr. Frá því 1. maí 2023 hafa 34 einstaklingar fengið vinnu með aðstoð frá Atvinnu- og virknimiðlun og markmiðið er að koma að lágmarki 80 einstaklingum af fjárhagsaðstoð og í vinnu fyrir lok apríl 2024.

Fjárhagslegur ábati af starfsemi Atvinnu- og virknimiðlunar við að aðstoða einstaklinga, sem þurfa að reidda sig á fjárhagsaðstoð, aftur til vinnu nam á tímabilinu 1. maí 2022 - 30. apríl 2023 tæpum 33 milljónum króna, að teknu tilliti til alls kostnaðar; launa, rekstrar og starfsþjálfunarsamninga. Til grundvallar útreikninga er fjárhæð fjárhagsaðstoðar sem hefði verið greidd á tímabilinu til nefndra einstaklinga að frádregnum rekstrarkostnaði Atvinnu- og virknimiðlunar.

Ljóst er að starfsemi Atvinnu- og virknimiðlunar skilar mikilvægum ábata fyrir samfélagið í heild, bæði fyrir þá sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu sem og borgarsjóð. Reynslan hefur sýnt að



Reykjavíkurborg

sérhæfður stuðningur á einstaklingsgrundvelli skiptir sköpum í þeirri vinnu. Miðlæg Atvinnu- og virknimiðlun þvert á borgina skapar jafnframt tækifæri til að veita sérhæfða atvinnuráðgjöf til einstaklinga sem eru vinnufærir á fjárhagsaðstoð, auk þess sem hægt er að mynda öflug tengsl við atvinnulífið.

Fylgiskjal:

Skýrsla um starfsemi Atvinnu- og virknimiðlunar Reykjavíkurborgar 1. maí 2022 – 30. apríl 2023.